

2. desember 2019

Nefndarsvið Alþingis
nefndarsvid@althingi.is

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlenda og afrétta, nr. 58/1998 (leyfisveitingar, málsmeðferð o.fl.) Mál nr. 317 frá nefndasviði.

Undirrituð gerir athugasemd við að í greinargerð um einstakar greinar frumvarpsins 5. gr. er látið hjá líða að fylgja gildandi lögum um að landamerki sjávarjarða eru dýptarviðmið samkvæmt Jónsbókarlögum sem er 4 faðmar eða 6,88 metrar út frá meginlandi, hólumum, skerjum, dröngum og steinum, sem upp úr sjó rísa á stórstraumsfjöru. Elstu og helstu lögnum er því sleppt úr greinargerðinni en það eru Jónsbókarlögin frá 1281 sem enn eru í fullu gildi en þau gilda meðal annars um aðal hagsmunamálið stærð netlaga.

Aðeins er getið um fjarlægðar regluna þar sem netlög eru skilgreind 115 metrar út frá stórstraumsfjöruborði

Stærð netlaga skiptir miklu máli en um tvær skilgreiningar að ræða, dýptarviðmið og fjarlægðarreglu sem báðar miða við stórstraumsfjöru. Lögin um dýptarviðmiðið gefa í flestum tilfellum mun stærra hafsvæði en fjarlægðarreglan og gilda um allt sem tengist fiskveiðum á ummræddu svæði en einnig þaratekju. Það eru því miklir eignaréttarlegir hagsmunir í húfi.

Í greinargerðinni við 5. gr. um einstakar greinar frumvarpsins kemur fram að hátt í 11.000 eyjar og sker við strendur Íslands hafa verið teiknuð inn í kortagrunna en einungis lítill hluti þeirra ber nafn. Undirrituð gerir athugasemd við þetta enda bera langflestar eyjar ef ekki allar og langflest sker nafn.

Erla Friðriksdóttir
Eigandi sjávarjarða á Breiðafirði